

Stolt Sea Farm Holdings Ice hf.  
Stórhöfða 21  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2013  
Tilvísun: 2013010094/22.12  
Verknúmer: 1093000

**Efni: Fylgibréf með leyfi til nýtingar á grunnvatni í landi HS Orku til Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. vegna fiskeldis í fyrirhugaðri fiskeldisstöð félagsins að Vitabraut 7, Reykjanesbæ**

Þann 29. janúar 2013 barst Orkustofnun umsókn Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. kt. 610911-0480, ásamt fylgiskjölum dags. 28. janúar 2013, um nýtingarleyfi á grunnvatni, sjótöku, í landi HS Orku hf., allt að 2000 l/s af jarðsjó úr borholum sem staðsettar eru við fyrirhugaða fiskeldisstöð félagsins að Vitabraut 7, Reykjanesbæ. Umsóknin er sett fram í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, (auðlindalög). Óskað er eftir nýtingarleyfi til 30 ára, þar sem fyrirhugað er að hefja nýtingu í maí árið 2013.

Umsókn Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. fylgdu eftirfarandi skjöl (svart/hvít ljósrit):

1. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar dags. 22 júní 2012.
2. Deiliskipulag fyrir Vitabraut 7, Reykjanesbæ.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga, sem og með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, óskaði Orkustofnun umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Reykjanesbæjar um fram komna umsókn. Einnig var leitað umsagnar jarðeigenda, þ.e. HS Orku hf, með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. auðlindalaga, þar sem samkomulag um endurgjald fyrir auðlindina, lá ekki fyrir í sérstökum samningum. Jafnframt var vakin athygli á því í bréfi til umsagnaraðila, að samkvæmt 23. gr. auðlindalaga eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögnum bundin trúnaði og voru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað.

Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 28. febrúar 2013 barst Orkustofnun þann 4. mars sl. Í umsögninni, sem umsækjandi fékk afrit af, leggur stofnunin áherslu á að tryggt verði að jarðsjávertakan hafi ekki áhrif á grunnvatnslínu, sem liggur ofan á söltum jarðsjó og er þykkust um mitt nesið en þynnist út við ströndina. Í þessu sambandi bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 12. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skuli m.a. vernda grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni [ekki]. Tryggja beri sjálfbæra nýtingu grunnvatns svo að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 7. mars sl., sem barst Orkustofnun 11. mars sl., kemur m.a. fram ábending þess efnis að nýtingin valdi sem minnstu raski og að full tillit verði tekið til 37. gr. laga um náttúruvernd [nr. 44/1999 ], þ.e. vernd hrauna.

Í umsögn HS Orku hf. dags. 14. febrúar sl., sem barst stofnunin þann 12. s.m. eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda. Einnig kemur fram í umsögninni að undirritaður hafi verið lóðarleigusamningur við umsækjanda og samningur um viðskipti og uppbyggingu á lóðinni. Þá gerir HS Orka hf. ráð fyrir að samkomulag um vinnslu jarðsjávar, í samræmi við 7. gr. auðlindalaga, liggja fyrir innan tímamarka.

Í umsögn Reykjanesbæjar dags. 7. febrúar sl., sem barst stofnunin þann 18. s.m. eru ekki gerðar athugasemdir við umsókn umsækjanda. Bent er á að umsækjandi hafi öll tilskilin leyfi frá Reykjanesbæ varðandi byggingar og framkvæmdir, ásamt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstarleyfi frá

*Handwritten signature*

Fiskistofu.

Orkustofnun hefur farið yfir þær umsagnir sem stofnuninni bárust sem og gögn þeim tengd og fram komu í umsókn Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf.

Orkustofnun bendir á ákvæði 7. gr. auðlindalaga, en þar er skýrt kveðið á um, að samningar skuli nást við landeigendur um endurgjald fyrir auðlind eða aflað sé heimildar til eignarnáms, áður en vinnsla í eignarlandi hefjist. Til þess að ná samningum hafi leyfishafi 60 daga áður en leyfi fellur úr gildi. Orkustofnun hefur ekki heimild til að gera undanþágu frá þessu ákvæði laganna né heldur að setja frekari skilyrði en kveðið er á um í lögum.

Upplýst er að fyrir liggur leigusamningar sem HS Orku hf hefur gert við umsækjanda. Hvorki sveitarfélagið Reykjanesbær né Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands mæla gegn umsókninni, en umsækjandi hefur kynnt sér ábendingar þessara aðila.

Með vísan til framanritaðs, og í samræmi við IV. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, gefur Orkustofnun út í dag, nýtingarleyfi til handa Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf. á allt að 2000 l/s af jarðsjó úr borholum sem staðsettar eru við fyrirhugaða fiskeldisstöð félagsins í landi HS Orku hf. að Vitabraut 7, til nota í stöðinni.

Gjald vegna veitingar nýtingarleyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Nýtingarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson